

231. Stjórnarfundur Sorpstöðvar Suðurlands bs.

23. október 2013, kl. 18:00. Hótel Hekla.

Mætt: Gunnar Egilsson, Ari Thorarensen, Aldís Hafsteinsdóttir, Guðfinna Þorvaldsdóttir, Aðalsteinn Sveinsson og Guðmundur Tryggvi Ólafsson.

1. Sameining SOS og SORPU.

Stjórn SOS leggur til að áfram verði unnið á sama grunni og undanfarið að sameiningu SOS og Sorpu.

Vinnuhópur aðila hefur hist í tvígang og eru frekari fundir fyrirhugaðir á allra næstu dögum. Mikilvægt er að svör við þeim atriðum sem út af standa liggi fyrir hið fyrsta til þess að sveitarfélögin geti tekið endanlega afstöðu til þeirra kosta sem eru í boði og að í framhaldinu liggi skýr vilji allra aðila fyrir.

2. Framlenging á samningi SOS SORPU.

Framkvæmdastjóra falið að leita eftir 6 mánaða framlengingu á samningi SORPU og SOS um móttöku sorps af Suðurlandi.

3. Aðalfundur SOS 24. október 2013.

Farið yfir verkefni aðalfundar. Formaður og framkvæmdastjóri skipta milli sín verkum. Samþykkt að kynna og leggja áherslu á bókunina sem kemur fram í 1. lið þessarar fundagerðar (nr. 231).

4. Svar Óskars Sigurðssonar lögfræðings við bréfi samkeppniseftirlits frá 3. október 2013.

Svarið lagt fram til kynningar.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl 20:00